

Leiðbeiningar um klippingu lauftrjáa



Flestir geta framkvæmt einfaldar trjáklippingar í garði sínum. Áður en hafist er handa er þó rétt að kynna sér um hvað trjáklippingar snúast og hvaða tilgangi þær þjóna. Hér eru einfaldar leiðbeiningar um klippinguna, verkfærin, öryggi þitt og annarra.

Tilgangurinn

Klippingar eru flestum garðtrjám nauðsynlegar til að þau þrífist sem best. Greinar sem eru dauðar, sjúkar eða skemmdar valda trénu vanþrifum og ber að fjarlægja. Einnig geta ytri aðstæður trjáa valdið því að vöxtur og útlit verður ekki í samræmi við væntingar eigandans, t.d. vegna lítils rótarrýmis, skugga eða samkeppni við annan gróður. Því getur reynst nauðsynlegt að „lagfæra“ vöxtinn á ýmsan hátt.

Tilgangur klippinga á stofntrjám er „hjálpa“ trénu að þroskast og vaxa í samræmi við upphaflegan tilgang og óskir eigandans.

Hvenær er rétti tíminn?

Besti tíminn til trjáklippinga er nokkuð umdeildur. Oftast er talað um að tímabilið síðla vetrar og fram á vor sé best, því þá er greinabygging (beinagrindin) best sýnileg. Svo kölluðum blæðurum eins og birki, hegg og hlyn byrjar að blæða í byrjun apríl og blæðir fram í lok júní. Minniháttar klipping á blæðurum kemur ekki að sök á þessu tímabili.

Eftir laufgun frá lok júní og fram í lok júlí er plantan í mestum vexti. Sá tími þykir mjög ákjósanlegur til stærri klippinga því þá er tréð í bestri aðstöðu til að bregðast við klippingunni og loka á sárið.

Klippingin

Allar trjáklippingar valda sárum en rétt klipping dregur úr líkum á skaða af völdum sársins. Því er mikilvægt að rétt sé staðið að klippingunni svo að skaði hljótist ekki af.

Þegar greinar eru klipptar eða sagaðar er mikilvægt að skurðurinn sé hreinn og jafn til að minnka líkur á sýkingum. Því er best að nota rétt verkfæri, s.s. beittar klippur og bitgóðar sagir við verkið.

Best er að byrja klippinguna á að fjarlægja allar dauðar, skemmdar og sjúkar greinar. Einnig er gott að fjarlægja þær greinar sem hafa óeðlilegan vöxt, t.d. þær sem liggja þétt svo að börkur hefur nuddast saman og skemmst (krosslægjur) og greinar sem vaxa í samkeppni við stofn eða topp (stofn- og topplægjur).

Í flestum tilfellum er æskilegt að “stofna upp” tréð, þ.e. að fjarlægja neðstu hliðargreinar upp í óskaða bolhæð.

Sé króna trésins ójöfn þarf að meta hvort hægt sé að jafna hana, t.d. með því að fjarlægja greinar þeim megin sem krónan er breiðari.

Hliðargreinar er best að klippa eða saga við greinakraga þannig að kraginn særist ekki en þó það nálægt kraganum að ekki verði skilinn eftir stubbur. Í flestum tilfellum er mjög auðvelt að sjá hvar á að klippa eða saga hliðargrein. Flestar greinar hafa sýnilegan greinakraga sem umlykur greinina neðarlega við stofn. Í einstaka tilfellum hefur greinakragi ekki myndast eða er ekki sýnilegur. Í þeim tilfellum er hægt að klippa greinina nokkrum cm frá stofni og skilja eftir stubb. Tréð bregst við og greinakraginn verður sýnilegur næsta sumar og þá er stubburinn fjarlægður.



1. Greinakragi vel sýnilegur við stofn.



2. Hreinn og jafn skurður við greinakraga.

Stærri hliðargreinar eru fjarlægðar í þremur áföngum. Fyrst er sagað undir greinina í nokkurra cm fjarlægð frá stofni, svo kallaðan undirskurð u.þ.b. 1/3 í gegnum greinina. Næst er sagað ofan í greinina nokkrum cm utar en undirskurðurinn og er sagað þar til greinin brotnar af. Undirskurðurinn kemur í veg fyrir að börkur rifni og valdi skemmdum á stofni þegar greinin fellur. Að lokum er stubburinn fjarlægður við greinakragann.



1. Sagað undir grein.



2. Grein söguð í gegn að ofan.



3. Stubbur sagaður við greinakrans

Rótarskot eru nokkuð algeng hjá ýmsum tegundum s.s. ilmreyni, öspum og hegg. Rótarskotin eru sumum trjám eðlileg en geta verið vísir á einhverskonar vandamál hjá trénu, s.s. næringarskort eða sjúkdóma. Of aðgangshörð krónuklipping getur komið fram í rótarskotum vegna ójafnvægis á milli krónu og rötur. Best er að fjarlægja rótarskot með greinaklippum og þá er klippt neðst við yfirborð.

Lítill grein myndar lítinn sáraflöt. Því er mikilvægt að fjarlægja strax greinar sem fyrirséð er að muni valda vandræðum í framtíðinni svo að sáraflötur sé lítill.

Aldrei skal bera málningu, lakk eða fúavörn í sáraflöt. Hætta er á að raki myndist innan við málningu sem valdið getur fúa í trénu. Á stærri sár má bera til þess gerð smyrslu sem minnka líkur á sveppasýkingum.

Samkvæmt ofangreindri lýsingu er æskilegt að framkvæma klippinguna í þessari röð:

- Meta þörf og umfang klippingar.
- Tryggja að öll nauðsynleg verkfæri séu til staðar.
- Fjarlægja fyrst allar dauðar, sjúkar og skemmdar greinar.
- Fjarlægja óeðlilegan greinavöxt, s.s. stofn- og krosslæggjur og rótarskot.
- Fjarlægja greinar sem fyrirséð er að muni síðar valda vandræðum.
- Meta jafnvægi krónunar og þörf á lagfæringu.

Verkfærin

Greinasög er mjög bitgóð handsög sem sagar aðeins þegar dregið er að sér. Hún er létt og meðfærileg og þykir mun betri en hefðbundnar sagir, þegar um minni greinar er að ræða.

Bogasög er öflug handsög sem hentar vel til að saga stærri greinar. Hægt er að fá sagarblað með misjöfnum grófleika.

Greinaklippur / minni handklippur eru nauðsynlegar öllum sem fást við klippingar. Þær eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Algengastar eru greinaklippur með hreyfanlegum undirkjafi og gormi sem halda klippunum opnum. Greinaklippur eru mikilvægar til að klippa smærri greinar og greinarendar.

Grófar greinaklippur eru fánlegar í ýmsum stærðum og gerðum. Þær eru mikilvægar í hirðingu trjáa og henta vel til klippingar á rötarskotum og grófari greinum.

Toppklippur eru mjög hentugar við krónuklippingu. Þær eru á löngu framlengjanlegu skafti og með spotta sem kippt er í við klippinguna.

Stigi getur komið að góðum notum, sérstaklega þegar um hærri tré er að ræða. Gott er að vefja mjúku klæði um efstu rim stigans til að hindra að hann særi börk.

Öryggisleiðbeiningar:

- Allar klippur og sagir eru hættulegar og ber að meðhöndla með varúð.
- Allt príl með klippur og sagir í trjám er hættulegt og ber að varast.
- Best er að nota vel stöðugan stiga og færa hann til eftir þörfum.
- Mikilvægt er að engin sé undir eða nálægt trénu þegar greinar eru klipptar þar sem þær geta verið þungar og erfitt að meta hvert þær falla.
- Gott er að nota sterka vinnuhanska við klippingar.
- Mikilvægt er að geyma allar klippur og sagir þar sem börn ná ekki til.